

STJÓRNARTÍÐINDI B 80 – 2003

3. júlí 2003

1571

Nr. 490

AUGLÝSING

um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins
sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna- og eldisfiska frá.

1. gr.

Aðeins er heimilt að flytja inn sjávarafurðir frá viðurkenndum ríkjum, sbr. 2. til 6. gr.

2. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5. og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem eru á skrá Fiskistofu yfir viðurkennda aðila.

Albanía	Grænland	Kúba	Nýja Sjáland	Suður Afríka
Argentína	Gvatemala	Lettland	Óman	Suður Kórea
Ástralía	Hondúras	Litháen	Pakistan	Súrínam
Bangladess	Indland	Madagaskar	Panama	Sviss
Brasilía	Indónesía	Malasía	Papúa	Taíland
Búlgaríá	Íran	Maldíveyjar	Perú	Taívan
Eistland	Jamaíka	Marokkó	Pólland	Tansanía
Ekvador	Japan	Máritanía	Rússland	Tékkland
Falklandseyjar	Jemen	Máritíus	Senegal	Túnis
Filippseyjar	Kanada	Mexíkó	Seychelleseyjar	Tyrkland
Fílabeinsströndin	Kasakstan	Mósambík	Singapúr	Úganda
Gabon	Kína	Namibía	Síle (Chile)	Úrúgvæ
Gambía	Kostaríka	Nikaragúa	Slóvenía	Venesúela
Gana	Kólumbía	Nígería	Srí Lanka	Víetnam
Gínea Conakry	Krótatía	Nýja Kaledónía		

3. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5. og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem hafa fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum, sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

Alsír	El Salvador	Kamerún	Salómonseyjar
Angóla	Erítrea	Kenía	Sameinuðu arabísku furstadæmin
Antígva og Barbúda - Aðeins heimill innflutningur á ferskum fiski.	Fídjieyjar	Kongó - Aðeins heimill innflutningur sjávarafurða sem eru veiddar, frýstar og pakkað í endanlegar umbúðir á vinnsluskipti.	Sankti Helena
Armenía - Aðeins heimild til innflutnings á lifandi vatna-krabba.	Franska Pólinesía	Kýpur	Sankti Pierre og Miquelon
Aserbaídsjan - Aðeins heimill innflutningur á kavíar.	Grenada	Malta	Serbía og Svartfjallaland - Aðeins heimill innflutningur villts fisks sem ætlaður er til manneldis. Heimildin nær ekki til innflutnings frá Kósovó.
Bahamaeyjar	Hollensku Antillur	Mayotte - Aðeins heimilt að flytja inn ferskar, óunnar eldisafurðir.	Simbabve
Bandaríkin	Hong Kong	Mjanmar (Burma)	Tógó
Belís	Hvíta-Rússland	Rúmenía	Ungverjaland - Aðeins heimilt að flytja inn lifandi sjávardýr til manneldis.
Benín	Ísrael		

4. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá viðurkenndum svæðum og starfsstöðvum sem eru á skrá Fiskistofu þar um.

Ástralía	Suður Kórea
Jamaíka - Aðeins heimilt að flytja inn sæsnigla.	Taíland
Japan	Túnis
Marokkó	Tyrkland
Perú	Úrúgvæ
Síle (Chile)	Víetnam

5. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá svæði og starfstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með influtningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

Bandaríkin
Grænland
Kanada
Nýja Sjáland

6. gr.

Heimilt er að flytja inn fiskimjöl og mjöl unnið úr öðrum sjávardýrum, að undanskildum sjávarspendýrum, sem ætlað er til dýraeldis frá þeim ríkjum sem greind eru í 2. og 3. gr. auk Úkraínu og Portó Ríkó, enda komi mjölið frá skráðri starfstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki.

Heimilt er að flytja inn lýsi frá þeim ríkjum sem greind eru í 2. og 3. gr. enda komi lýsið frá skráðri starfstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki.

7. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 572 frá 17. júlí 2002, um lista yfir viðurkennd ríki sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir frá.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. júlí 2003.

F. h. r.

Snorri Rúnar Pálmason.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi á sterkum chilépipar og afurðum úr honum.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á þurrkuðum, gróf- og/eða fínmöluðum sterkum chilépipar af ættinni *Capsicum* og afurðum úr honum sem ætlaðar eru til manneldis.

2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og innihalda litarfnið Sudan I séu ekki til dreifingar hér á landi.